



MAT Á ÁHRIFUM LAGASETNINGAR*

– sbr. samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 24. febrúar 2023

*umfjöllun um einstök efnisatriði misjafnlega ítarleg, eftir umfangi máls og eðli

Málsheiti og nr.	Frumvarp til laga um réttindavernd fatlaðs fólks, FRN25050076
Ráðuneyti	Félags- og húsnæðismálaráðuneyti
Stig mats	☒ Frummat, sbr. 1. gr. ☐ Endanlegt mat, sbr. 10. gr.
Dags.	26. september 2025

A. Greining og mat á fjárhagslegum áhrifapáttum fyrir ríkið

1. Áætluð fjárhagsáhrif fyrir ríkið vegna helstu breytinga og ráðstafana sem felast í fyrirhugaðri lagasetningu, þar sem tilgreindir eru sérstaklega áhrifapættir á fjárhag ríkissjóðs.

Fyrirhugað er að leggja fram frumvarp til laga um réttindavernd fatlaðs fólks. Lögunum er ætlað að gilda um réttindavernd fatlaðs fólks sem af einhverjum ástæðum þarf aðstoð við að gæta réttar síns eða stuðning við að taka upplýstar ákvarðanir um persónuleg málefni. Þeim er einnig ætlað að gilda um réttindavernd einstaklinga sem gert er að sæta öryggisgæslu eða öðrum öryggisráðstöfunum samkvæmt dómsúrlausn, óháð því hvort þjónustuparfir þeirra eru tilkomnar vegna fötlunar eða af öðrum ástæðum. Ákvæði laganna er einnig ætlað að taka til ráðstafanna til að draga úr nauðung í þjónustu við fötluð börn, annarra en þeirra fötluðu barna sem vistuð eru á grundvelli barnaverndarlaga, en um beitingu nauðungar í þjónustu við þau fer samkvæmt ákvæðum þeirra laga. Lögin koma í stað laga nr. 88/2011 um réttindagæslu fyrir fatlað fólk en vegna þess hve yfirgripsmiklar breytingar voru fyrirhugaðar á þeim lögum þótti rétt að leggja fram frumvarp til nýrra laga og um leið finna nýju lögunum heiti sem endurspeglar efni þeirra betur en áður. Er með frumvarpinu sérstaklega verið að horfa til þess að auðvelda þeim sem lögin ná yfir, að kynna sér þau og skilja innihald þeirra.

Í frumvarpinu er ekki er gert ráð fyrir auknum skyldum á sveitarfélög landsins umfram það sem verið hefur. Ekki er gert ráð fyrir að frumvarpið muni hafa áhrif á fjárhag sveitarfélaga.

Hér er fjallað um alla þá þætti er varða efni frumvarpsins.

Réttindagæsla fyrir fatlað fólk

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að réttindagæsla fyrir fatlað fólk, sem heyrir undir Mannréttindastofnun Íslands, fylgist með mannréttindum fatlaðs fólks og veiti þeim viðeigandi stuðning við réttindagæslu hvers konar. Mannréttindastofnun Íslands er sjálfstæð eftirlitsstofnun sem starfar á vegum Alþingis. Með frumvarpinu eru verkefni réttindagæslunnar betur skilgreind og afmörkuð frá því sem áður var í lögum nr. 88/2011. Felur réttindagæslan fyrst og fremst í sér eftirlit með mannréttindum fatlaðs fólks en einnig leiðbeiningaskyldu um leiðir sem færar eru innan stjórnsýslu og hjá dómsstólum. Ekki er gert ráð fyrir breytingu á fjárhag Mannréttindastofnunar frá því sem þegar er áætlað, enda verkefnið eitt af lögbundnum verkefnum stofnunarinnar. Ekki er því gert ráð fyrir neinum áhrifum á ríkissjóð.

Í frumvarpinu er jafnframt lagt til að samhliða því að skerpa á hlutverki réttindagæslunnar verði gerðar breytingar á ýmsum öðrum lögum, m.a. lögum um meðferð sakamála nr. 88/2008. Í nokkrum ákvæðum þeirra laga er talað um rétt fatlaðs sakbornings eða vitnis til að hafa með sér hæfan stuðningsaðila við skýrslutöku, sbr. 61. gr., 113. gr. og 123. gr. Lagt er til að umrædd ákvæði verði skýrð með því að tiltaka „fulltrúa réttindagæslu fyrir fatlað fólk eða annan hæfan stuðningsaðila“.

Persónulegir talsmenn og umboðsmenn fatlaðs fólks

Frumvarpið felur í sér að sýslumenn staðfesti val fatlaðs einstaklings á persónulegum talsmanni og efni samkomulags milli hins fatlaða einstaklings og persónulegs talsmanns hans. Frumvarpið felur auk þess í sér að sýslumenn staðfesti val fatlaðs einstaklings á umboðsmanni og efni umboðsins.

Sýslumaður skal einnig hafa eftirlit með framkvæmd samkomulags milli fatlaðs einstaklings og persónulegs talsmanns og halda skrá um persónulega talsmenn og umboðsmenn.

Í frumvarpinu er skýrt kveðið á um hvernig aðstoða skuli fatlaða einstaklinga, sem þess þurfa, við ráðstöfun fjármuna af sérgreindum reikningum og með umsjón eigna. Markmiðið er m.a. að tryggja fötluðu fólki raunverulegan aðgang að fjármálum sínum og veita viðeigandi lagastoð fyrir nauðsynlegu stuðnings- og aðstoðarhlutverki.

Frumvarpið felur í sér verkefni sem eru í samræmi við það hlutverk sem sýslumenn gegna nú þegar og ættu ekki að hafa í för með sér verulegt aukið álag eða frávik frá núverandi framkvæmd. Ekki er því gert fyrir neinum áhrifum á ríkissjóð.

Ráðstafanir til að draga úr nauðung í þjónustu við fatlað fólk

Í frumvarpinu er fjallað um ráðstafanir til að draga úr nauðung í þjónustu við fatlað fólk. Umboðsmaður Alþingis hefur beint þeim tilmælum til félags- og húsnæðismálaráðuneytis að taka til skoðunar hvort réttaröryggi fatlaðs fólks sem sætir nauðung sé nægilega tryggt á grundvelli laga nr. 88/2011. Rétt þykir að brugðist verði við ábendingum umboðsmanns í frumvarpinu.

Gert er ráð fyrir að ákvæði IV. kafla frumvarpsins um ráðstafanir til að draga úr beitingu nauðungar í þjónustu við fatlað fólk taki til allra þeirra sem veita fötluðu fólki þjónustu á heimilum þess og í daglegu lífi. Sérstök ákvæði gilda þó um þá sem veita börnum og ungmennum þjónustu á grundvelli barnaverndarlaga og ganga slík sérákvæði framur ákvæðum frumvarpsins. Samstarf skal viðhaft milli barnaverndaryfirvalda og framkvæmdaraðila þessara laga um málefni fatlaðra barna og ungmenna, einkum í aðdraganda þess þegar fatlað barn eða ungmenni færast á milli þjónustuveitenda.

Þá er gert er ráð fyrir að ákvæði kaflans taki einnig til þeirra sem veita einstaklingum þjónustu á öryggisgæslustöðum og í tengslum við aðrar öryggisráðstafanir á grundvelli frumvarps til laga um öryggisráðstafanir samkvæmt dómsúrlausn en gert er ráð fyrir að það frumvarp komi til þinglegrar meðferðar á sama tíma og frumvarp til laga um réttindavernd. Tilefni þessarar breytingar er að tryggja að grundvallarmannréttindi þeirra einstaklinga séu vernduð og að beiting nauðungar sé takmörkuð við það sem brýn nauðsyn krefur, í samræmi við meginreglur sem gilda um allar nauðungaraðgerðir gagnvart einstaklingum. Þótt þessir einstaklingar séu ekki endilega fatlaðir í skilningi laganna þá eiga þeir rétt á sambærilegri réttindavernd, sérstaklega þegar kemur að ákvæðum um nauðung og eftirliti með beitingu hennar.

Ekki er gert ráð fyrir að þetta muni hafa í för með sér verulegan aukinn kostnað fyrir ríkissjóð, enda um fáa einstaklinga að ræða sem falla þarna undir.

Aukin skilvirkni og réttaröryggi í málsmeðferð

Frumvarpinu er ætlað að gera breytingar á þeirri málsmeðferð sem hefur verið við lýði varðandi ráðstafanir til þess að draga úr nauðung og veitingu undanþága frá bannákvæðum laga nr. 88/2011. Tilefni þessara breytinga má m.a. rekja til athugasemda umboðsmanns Alþingis í frumkvæðismáli sem hófst árið 2023 (nr. F141/2023) og laut að fyrirkomulagi í tengslum við beiðnir um undanþágu frá beitingu nauðungar í þjónustu við fatlað fólk. Í erindum sem umboðsmaður sendi ráðuneytinu, sérfræðiteyminu og undanþágunefndinni er tiltekið að ábendingar hafi ítrekað og yfir nokkurt skeið komið fram um langan málsmeðferðartíma slíkra beiðna. Þessar vísbendingar um annmarka á málsmeðferð hafi bæði komið fram í tengslum við kvartanir og ábendingar til umboðsmanns sem og við eftirlit með stöðum þar sem fólk er eða kann að vera frelsisvipt (OPCAT-eftirlit).

Athugasemdir umboðsmanns í málinu bera með sér að bæði skorti á skilvirkni og réttaröryggi í gildandi málsmeðferð. Er afleiðingin sú að einhver fjöldi fatlaðs fólks býr við ólögmæta nauðung í daglegu lífi. Lögakveðin meðferð undanþágubeiðna hafi í mörgum tilvikum dregist úr hófi með sömu afleiðingum.

Tillögum frumvarpsins er ætlað að gera úrbætur á málsmeðferðinni þannig að auka megi skilvirkni og tryggja réttaröryggi með betri hætti en áður. Þessar úrbætur felast einkum í eftirfarandi atriðum:

- a) Skerpt er á skyldu þjónustuaðila til þess að tilkynna um öll tilvik þar sem nauðung er beitt í þjónustu við fatlað fólk.
- b) Skilgreindur er reynslutími ráðstafana til sem ætlað er að draga úr þörf á því að beita nauðung í þjónustu.
- c) Einfaldara ferli þeirra mála sem sérfræðiteymið sendir frá sér.
- d) Meðferð undanþága er flutt til úrskurðarnefndar velferðarmála og stjórnsýsluleg staða ákvarðana skýrð.

Nánar er fjallað um þessi atriði hér á eftir.

Sérfræðiteymi

Í frumvarpinu er lagt til að vinnslutími máls hjá sérfræðiteyminu sé að öllu jöfnu ekki lengri en þrír mánuði. Þegar sérstaklega stendur á má framlengja þann tíma en hann má þó aldrei vara lengur en sex mánuði. Þá skal þjónustuaðili tilkynna sérfræðiteymi um öll atvik þar sem nauðung er beitt á meðan mál einstaklings er í virkri vinnslu sérfræðiteymis og þjónustuaðili þiggur ráðgjöf teymisins. Í frumvarpinu er einnig lagt til að sérfræðiteymi sendi umsögn sína beint til úrskurðarnefndar velferðarmála og að teymið beri að sjá til þess að þeim einstaklingi sem málið varðar sé leiðbeint um rétt sinn til að velja sér persónulegan talsmann. Ekki er gert ráð fyrir neinum áhrifum á ríkissjóð vegna frumvarpsins en vakinn er athygli á að aðgerð E.4 í framkvæmdaáætlun um málefni fatlaðs fólks fyrir árin 2024-2027 snýr að því að leitað verði leiða til að styrkja starfsemi sérfræðiteymis.

Úrskurðarnefnd velferðarmála

Lagt er til að úrskurðarnefnd velferðarmála (ÚRVEL) fjalli um undanþágur frá banni við beitingu nauðungar og banni við fjarvöktun, sem áður var hlutverk nefndar um undanþágu við banni við beitingu nauðungar. Leggst sú nefnd af með tilkomu laga um réttindavernd fatlaðs fólks. Markmiðið með breytingunni er að auka skilvirkni í málsmeðferð og ákvarðanatöku, einfalda ferla og stytta biðtíma eftir ákvörðun. Þá gæti breytingin auðveldað eftirlit og tryggt að mál séu áfram afgreidd á samræmdan hátt.

Flutningur verkefna undanþágunefndar til ÚRVEL kallar á aukna sérfræðipækkingu í málaflokki fatlaðs fólks hjá nefndinni, auk þess sem styrkja þarf starfsemi hennar. Gert er ráð fyrir að þóknun nefndarmanna undanþágunefndar flytjist frá félags- og húsnæðismálaráðuneyti til ÚRVEL að upphæð 3 m.kr. Auk þess mun styrking á starfsemi ÚRVEL leiða af sér kostnaðarauka upp á 8-10 m.kr. Heildaráhrif á ríkissjóð nemur því á bilinu 8-10 m.kr.

Aukið hlutverk samráðsnefndar fatlaðs fólks sem skipuð er á grundvelli laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir

Í frumvarpi til laga um réttindavernd fatlaðs fólks er ekki gert ráð fyrir að réttindavakt sé starfandi innan félags- og húsnæðismálaráðuneytis og er það einföldun frá því fyrirkomulagi sem nú er í gildi. Verður að ætla að verkefnum réttindavaktar verði til framtíðar sinnt af hálfu Mannréttindastofnunar eða verkefnisstjórnar um Landsáætlun í málefnum fatlaðs fólks 2024-2027. Undantekning frá þessu og í eina verkefni réttindavaktarinnar sem eftir stendur er b-liður 2. mgr. 3. gr. laga nr. 88/2011 sem snýr að því að safna upplýsingum um réttindamál fatlaðs fólks og þróun í hugmyndafræði og þjónustu við fatlað fólk og koma á framfæri ábendingum um það sem betur má fara. Lagt er til að samráðsnefnd um málefni fatlaðs fólks, sem skipuð er á grundvelli laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018, taki við því verkefni sem kveðið er á um í b-lið. Sérstaklega er bent á að hlutverkið er víkkað út þannig að nefndin sé ráðgefandi fyrir stjórnvöld, þar með talið öll ráðuneyti, fremur en ráðherra félagsmála einan. Er sú skipan talin vera í betra samræmi við meginreglur samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Ekki er gert ráð fyrir að þetta breytta hlutverk samráðsnefndar hafi áhrif á ríkissjóð.

2. Tekjubreytingar.

– Sjá gátlista fyrir mat á fjárhagsáhrifum.

3. Útgjaldabreytingar.

– Sjá gátlista fyrir mat á fjárhagsáhrifum.

4. Eignabreytingar.

– Sjá sérstakan gátlista fyrir mat á fjárhagsáhrifum.

5. Aðrir áhrifaþættir varðandi ríkisfjármál.

- Samræmi við viðmið og sjónarmið um fyrirkomulag á útgjaldastýringu og umbúnað í fjárlögum.
- Samræmi við viðmið um framsetningu fjárlaga og reikningshaldslegan grundvöll samkvæmt lögum um opinber fjármál.
- Uppbygging skattkerfis og tekjuöflunar ríkissjóðs.
- Forsendur og umbúnaður þjónustugjalda – lagakröfur.
- Rekstrarform ríkisstarfsemi.
- Opinber innkaup og útboð.
- Eignaumsýsla ríkisins.
- Réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna.
- Ríkisstyrkir og ívilnanir, þ.m.t. samræmi við reglur ESA, sbr. 61. gr. EES-samningsins. Ath. tilkynningarskyldu með tveggja mánaða fyrirvara.

B. Samræmi við útgjaldaramma og fimm ára fjármálaætlun – fjármögnun

1. Hefur verið gert ráð fyrir þeim fjárhagsáhrifum á málaflokk sem leiða kunna af samþykkt frumvarpsins:

- Ekki hefur verið gert ráð fyrir þeim fjárhagsáhrifum á málaflokk sem leiða kunna af samþykkt frumvarpsins í gildandi fjárlögum.
- Ekki hefur verið gert ráð fyrir þeim fjárhagsáhrifum á málaflokk sem leiða kunna af samþykkt frumvarpsins í fjárlagafrumvarpi komandi árs.
- Ekki hefur verið gert ráð fyrir þeim fjárhagsáhrifum á málaflokk sem leiða kunna af samþykkt frumvarpsins í fimm ára fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar.

2. Hafi ekki þegar verið gert ráð fyrir útgjöldum við verkefni, hvernig er þá ætlunin að finna þeim stað innan útgjaldaramma málaflokks, t.d. með tilfærslu fjármuna eða með því að draga úr öðrum útgjöldum?

Gert er ráð fyrir að útgjaldaaukningin rúmist innan ramma málefnasviðs 29.

3. Tengist einhver ný eða aukin tekjuöflun verkefninu?

Nei

C. Efnahagsáhrif – áhrif á atvinnulíf, vinnumarkað og samkeppni

1. Hagræn áhrif á heildareftirspurn og einstaka markaði – hagstjórnarsjónarmið.

Engin.

2. Áhrif á fyrirtækjaeftirlit og reglubyrði, hversu mörg fyrirtæki verða fyrir áhrifum og hvers konar fyrirtæki? Einföldun laga eða stjórnsýslu? Leitað umsagnar ráðgjafarnefndar um opinberar eftirlitsreglur, sbr. lög nr. 27/1999?

Á ekki við.

3. Samkeppnisiskilyrði.

- Líkur á því að fjöldi fyrirtækja á markaði takmarkist með beinum hætti vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin felur í sér einhvers konar einkarétt, leyfiskerfi eða

kvóta).

Engin áhrif.

- b) Líkur á því að fyrirtækjum á markaði fækki með óbeinum hætti vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin felur í sér aukinn kostnað við inngöngu á markað eða tekur aðeins til hluta starfandi fyrirtækja).

Engin áhrif.

- c) Takmarkanir á möguleikum fyrirtækja til þess að mæta samkeppni vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin hefur áhrif á verð fyrirtækja eða eðli vörunnar, t.d. staðlar eða ef aðgerðin takmarkar sölusvæði, svigrúm til að auglýsa eða til að ákveða hvernig vara er framleidd).

Engin áhrif.

- d) Takmarkanir á frumkvæði fyrirtækja til að stunda virka samkeppni vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin felur í sér að fyrirtæki verði undanþegin samkeppnislögum eða ef fyrirtæki bera skyldu eða eru hvött til að skipta með sér hvers konar viðskiptalegum upplýsingum)

Engin áhrif.

D. Önnur áhrif

1. Áhrif á fjárhag sveitarfélaga, sbr. 129. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.

Ekki er gert ráð fyrir að efni frumvarpsins hafi áhrif á fjárhag sveitarfélaga.

2. Áhrif á frelsi til að veita þjónustu (með eða án staðfestu á Íslandi).

Ekki er gert ráð fyrir að efni frumvarpsins hafi áhrif á frelsi til að veita þjónustu.

3. Áhrif á tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu, sbr. lög nr. 57/2000.

Ekki er gert ráð fyrir að efni frumvarpsins hafi áhrif á reglur um vöru og fjarþjónustu.

4. Áhrif á byggðalög.

Ekki er gert ráð fyrir að efni frumvarpsins hafi áhrif á byggðalög.

5. Áhrif á frjáls félagasamtök.

Ekki er gert ráð fyrir að efni frumvarpsins hafi áhrif á frjáls félagasamtök.

6. Áhrif á jafnrétti kynjanna.

Markmið samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, sem Ísland er aðili að, er að efla, verja og tryggja full og jöfn mannréttindi og grundvallarfrelsi fyrir allt fatlað fólk. Í 6. gr. samningsins segir að aðildaríki samningsins viðurkenna að fatlaðar konur og stúlkur verða fyrir fjölbættri mismunun og skal gera ráðstafanir til þess að tryggja að þær fái notið til fulls allra mannréttinda og grundvallarfrelsis á við aðra. Þá fjalla 14. 15. og 16. greinar samningsins um frelsi og öryggi einstaklingsins og þar með banni við beitingu nauðungar. Á árinu 2024 voru beiðnir um undanþágur frá banni við beitingu nauðungar í þjónustu við konur um 20% og um 80% í þjónustu við karla. Því mun frumvarpið hafa meiri áhrif á karla en konur verði það að lögum.

7. Áhrif á lýðheilsu.

Engin áhrif.

8. Áhrif á menntun, nýsköpun og rannsóknir.

Nei

9. Áhrif á möguleika einstaklinga og fyrirtækja til að eiga samskipti þvert á norræn landamæri.

Ekki er gert ráð fyrir að efni frumvarpsins hafi áhrif á möguleika einstaklinga og fyrirtækja til að eiga samskipti þvert á norræn landamæri.

10. Áhrif á stjórnsýslu, svo sem hvort ráðuneyti og stofnanir eru í stakk búin til að taka við verkefni.

Frumvarp til laga um réttindavernd fatlaðs fólks er gert að taka við lögum nr. 88/2011 um réttindagæslu fyrir fatlað fólk. Í frumvarpinu er fjallað um þætti sem ætlaðir eru til að aðstoða fatlað fólk að standa

vörð um réttindi sín og verja það fyrir misbeitingu hvers konar. Efni frumvarpsins hefur áhrif á stjórnsýslu, en talið er að þau stjórnvöld sem um ræðir séu í stakk búna til að taka við þeim verkefnum sem felast í frumvarpinu.

Í frumvarpinu er fjallað um réttindagæslu fyrir fatlað fólk, en framkvæmd hennar heyrir undir Mannréttindastofnun Íslands og því hvorki um nýtt hlutverk að ræða né viðbót við það hlutverk sem fyrir er.

Í frumvarpinu er einnig fjallað um umsýsluhlutverk sýslumanna í vali og staðfestingu á persónulegum talsmönnum fötluðu fólki til handa, en embætti sýslumanna heyrir undir dómsmálaráðuneyti. Ekki er um aukið hlutverk sýslumannsembættanna að ræða með frumvarpinu frá því sem verið hefur.

Verði frumvarpið að lögum mun það falla í verkahring sýslumanna að staðfesta vilja fatlaðs einstaklings til að veita umboð, auk samkomulags við persónulegan talsmann, fyrir hönd einstaklingsins ef hann er ekki fær um að gera það sjálfur. Þá verður verkaskipting milli réttindagæslu og sýslumanna skýrari en réttindagæslu er ætlað að gegna eftirlits- og leiðbeiningarhlutverki, á meðan sýslumenn gegna stjórnsýsluhlutverki og taka stjórnvaldsákvæðanir í málum einstaklinga.

Félags- og húsnæðismálaráðuneytið hefur fundað með fulltrúum dómsmálaráðuneytis, Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu og Mannréttindastofnun Íslands um fyrirhugað frumvarp til laga um réttindavernd. Dómsmálaráðuneyti telur að ekki sé um aukið hlutverk að ræða frá því sem nú þegar er. Þá telur Mannréttindastofnun Íslands mikilvægt að skerpa á hlutverki réttindagæslu fatlaðs fólks með fyrirhuguðum lögum en að stofnunin sé í stakk búin til að sinna því áfram enda ekki um aukið hlutverk að ræða.

Í frumvarpinu er lagt til að verkefni nefndar um undanþágu frá banni við beitingu nauðungar (undanþáguneftndar) verði flutt til úrskurðarnefndar velferðarmála (ÚRVEL) með það að markmiði að auka skilvirkni í málsmeðferð, einfalda ferla og minnka biðtíma eftir ákvörðun. Félags- og húsnæðismálaráðuneytið hefur fundað með fulltrúum ÚRVEL sem telja sig í stakk búna að taka við verkefnum undanþáguneftndar. Með breytingunum er gert ráð fyrir að sérfræðiteymi um aðgerðir til að draga úr beitingu nauðungar muni áfram veita þjónustuaðilum ráðgjöf en telji teymið nauðsynlegt að sækja þurfi um undanþágu skuli málinu vísað til ÚRVEL til ákvörðunar. Þar sem ÚRVEL er æðra stjórnvald sem úrskurðar í kærumálum vegna stjórnvaldsákvæðana eru jafnframt lagðar til breytingar á lögum um úrskurðarnefnd velferðarmála, nr. 85/2015, samhliða setningu nýrra laga.

Sérfræðiteymi um aðgerðir til að draga úr beitingu nauðungar hefur um árabil verið starfandi í félags- og húsnæðismálaráðuneytinu. Í frumvarpinu er skert er á skyldu þjónustuaðila til þess að tilkynna til teymisins um öll tilvik þar sem nauðung er beitt í þjónustu við fatlað fólk og skilgreindur er reynslutími ráðstafana til sem ætlað er að draga úr þörf á því að beita nauðung í þjónustu. Þá er ferli þeirra mála sem sérfræðiteymið sendir frá sér einfaldað. Ekki er um aukið hlutverk teymisins að ræða.

11. Áhrif á stöðu tiltekinna þjóðfélagshópa, svo sem aldurshópa, tekjuhópa, mismunandi fjölskyldugerðir, launþega/sjálfstætt starfandi/utan vinnumarkaðar.

Verði áformin að veruleika munu þau hafa áhrif á stöðu fatlaðs fólks. Markmið lagasetningarinnar er að stuðla að bættu jafnrétti og aðgengi í þjónustu við fatlað fólk, en það er eitt helsta atriðið sem samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks kveður á um. Með lagasetningunni er ætlunin að tryggja fötluðu fólki raunverulegan aðgang að fjármálum sínum og veita viðeigandi lagastoð fyrir nauðsynlegu stuðnings- og aðstoðarhlutverki. Markmiðið er jafnframt að skerpa á hlutverki réttindagæslu fatlaðs fólks og tryggja skýrari verkaskiptingu á milli sýslumanna og réttindagæslu. Þá er markmiðið að auka skilvirkni í málsmeðferð, einfalda ferla og minnka biðtíma eftir ákvörðun, auk þess sem rétt þykir að mál er varða nauðung í þjónustu við fötluð börn sem vistuð eru utan heimilis heyri undir það ráðuneyti sem fer með málefni barna til að tryggja öllum börnum samræmda vernd og málsmeðferð.

12. Áhrif á umhverfi og sjálfbæra þróun.

Ekki er gert ráð fyrir að efni frumvarpsins hafi áhrif á umhverfi og sjálfbæra þróun.

E. Niðurstaða mats – með vísun í fylgiskjöl ef við á

1. **Samandregin niðurstaða fjárhagsáhrifa fyrir ríkissjóð – heildarútkoma varðandi tekjur, gjöld, afkomu og efnahag.**

Útgjaldaaukning ríkissjóðs mun nema um 8,5-11,5 m.kr og er áætlað að rúmist innan ramma málefnasviðs 29

2. **Önnur áhrif en bein fjárhagsáhrif, álitamál eða fyrirvarar sem ástæða þykir til að vekja athygli á.**

Nei.

3. **Samfélagslegur ávinningur veginn á móti kostnaði og fyrirhöfn (ekki gerð krafa um tölulegt mat).**

Ráðuneytið telur nauðsynlegt að leggja fram frumvarp til laga um réttindavernd fatlaðs fólks. Heiti laganna endurspeglar innihald þeirra sem felur í sér að tryggja ýmiskonar réttindavernd til handa fötluðu fólki. Ráðuneytið telur að með frumvarpinu sé skert á hlutverki réttindagæslu fatlaðs fólks en óljóst hefur verið hvort notendur þjónustunnar séu nægilega meðvitaðir um hlutverk hennar eftir að réttindagæslan fluttist yfir til Mannréttindastofnunar Íslands þann 1. maí 2025. Nauðsynlegt er að gera skýran greinarmun á því hlutverki sem er á ábyrgð réttindagæslu, annars vegar, og sýslumanna, hins vegar. Þá felur frumvarpið í sér að fötluðu fólki sé tryggður raunverulegur aðgangur að fjármálum sínum og að veitt sé viðeigandi lagastoð fyrir nauðsynlegu stuðnings- og aðstoðarhlutverki. Þannig verði lögin aðgengilegri fyrir þau sem heyra þar undir. Þá þykir rétt að brugðist verði við ábendingum umboðsmanns Alþingis með lagabreytingum sem leiða til aukinnar skilvirkni í málsmeðferð og ákvarðanatöku, einföldunar ferla og styttri biðtíma eftir ákvörðun. Það er mat ráðuneytisins að frumvarp um lög um réttindavernd fatlaðs fólks auki skýrleika á málefnasviðinu. Er það liður í því að tryggja fötluðu fólki jafnræði á við ófatlað fólk, sem einnig er eitt helsta markmið samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks en ráðherra félags- og húsnæðismála mælti fyrir frumvarpinu þann 22. september 2025 og er það nú í meðförum velferðarnefndar Alþingis. Með því verði einnig stuðlað að aukinni þátttöku og inngildingu fatlaðs fólks í samfélaginu. Ávinningur samfélagsins í heild sé því mikill.

F. Til útfyllingar vegna endanlegs mats – breytingar frá frummati

1. **Voru áform um lagasetninguna ásamt frummati á áhrifum kynnt fyrir FJR?**
2. **Eru helstu efnisatriði frumvarpsins óbreytt/lítið breytt frá þeim tíma?**
3. **Ef gerðar hafa verið breytingar umfram það, sbr. það frummat á áhrifum frumvarpsins sem áður var kynnt, hverjar eru þær og hver eru fjárhagsáhrifin?**